

Skýrsla stjórnar foreldrafélags Sóla, fyrir starfsárið 2016-2017

Á síðastliðnu starfsári stóð stjórn foreldrafélagsins fyrir jólaföndri í desember sem var með breyttu sniði frá fyrri árum. Ákveðið var að hafa föndrið inni á kjörnunum það heppnaðist vel og mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag. Föndrið sjálf var látlaust og tiltölulega þægileg verkefni fyrir krakkana sem fólustu í því að klippa, líma og lita. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur, einnig kíktu jólasveinar á börnin og gáfu þeim mandarínur. Fyrir jólaföndrið kallaði stjórn foreldrafélagsins eftir sjáflboðaliðum frá hverjum kjarna sem aðstoðuðu við undirbúning, veitingar og þrif.

Síðast liðið vor var haldin vorhátíð Sóla þar sem grillaðar voru pylsur og boðið uppá safa. Sæþór Vído spilaði á gítarinn og söng fyrir gesti og gangandi. Það hefði verið gott að fá aðstoð frá fleiri foreldrum, við höfum það í huga fyrir næstu vorhátíð. Að lokum kom slökkviliðið með alla sína bíla og leyfði krökkunum að skoða bílana og spjalla við slökkviliðsmennina, þetta vakti mikla lukku.

Í júní var útskrift elsta árgangsins og að venju gaf foreldrafélagið útskriftarnemum áletruð handklæði með merki skólans og nafni viðkomandi nemanda.

Nokkur ár eru síðan síðasti aðalfundur var haldinn og því eru stjórnarmeðlimir ekki formlega kjörnir en þeir sem hafa starfað í nafni stjórnarinnar síðast liðið ár eru: Unnur Líf Ingadóttir Imsland, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Björg Hjaltsted, Guðný Bernóusdóttir og Íris Sif Hermannsdóttir hefur séð um gjaldkerastörfin.

Takk fyrir samstarfið síðastliðið ár.

Stjórn foreldrafélags Sóla